



Bræðraferð til Möltu

18. – 25. maí 2024



THE VENUES BOX
let's talk events



TRANS ATLANTIC

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
FERÐAÁÆTLUNIN	3
GRAND HOTEL EXCELSIOR	5
Innifalið í ferðapakkanum þínum:.....	7
FRÍMÚRARAUFUNDUR – 24. MAÍ	8
SKOÐUNARFERÐIR – LÝSING	8
Dagsferð til eyjunnar Gozo – frá kl. 08:00 – 18:00	8
Hálfsdagsferð til Mdina og Rabat – frá kl. 10:00 – 14:00.....	10
Hálfsdagsferð til Mosta og á vínekru – frá kl. 10:00 – 14:00	11
VEITINGASTAÐIR	12
Valletta	12
Gozo.....	12
Mdina.....	12
Rabat.....	12
Mellieħa.....	12
MATUR SEM ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA Á MÖLTU:	13
VERSLUN	15
Sliema – verslunarmiðstöð	15
Hannyrðir – föndur	15
ALMENNINGSSAMGÖNGUR	16
VALLETTA	16
FERÐALÝSING	18
DAGSKRÁ	18
Dagur 1 – 18. maí.....	18
Dagur 2 – 19. maí.....	18
Dagur 3 – 20. maí.....	18
Dagur 4 – 21. maí.....	19
Dagur 5 – 22. maí.....	19
Dagur 6 – 23. maí.....	19
Dagur 7 – 24. maí.....	20
Dagur 8 – 25. maí.....	20
HVER ERUM VIÐ?	21
Ferðin þín:	21
HAFA SAMBAND	21

Dear Valued Guests of The Venues Box,

Welcome to the Grand Hotel Excelsior! On behalf of our entire team, it is my pleasure to extend a warm and heartfelt welcome to you. We are delighted that you have chosen to stay with us and are excited to have the opportunity to provide you with an exceptional experience.

At the Grand Hotel Excelsior, we take pride in offering classic luxurious accommodation, impeccable service, and an array of amenities designed to ensure your stay is as comfortable and enjoyable as possible. Whether you are here for business or leisure, our dedicated staff is committed to making your stay memorable.

To enhance your stay, we invite you to explore our exquisite dining options, including our renowned casual fine-dining restaurant and elegant bar. Our contemporary gym, relaxing spa, and stunning pool area are also available for your enjoyment. Should you need any assistance or have any special requests, please do not hesitate to contact our Concierge Team, who will be more than happy to assist you.

We hope you find your accommodation to be of the highest standard and that you have a wonderful stay with us. If there is anything we can do to make your visit more comfortable, please feel free to let us know. Your satisfaction is our top priority.

Thank you for choosing the Grand Hotel Excelsior. We look forward to making your stay truly unforgettable.

Warm regards,

Norbert Grixti



**General Manager
Grand Hotel Excelsior**



FERÐAÁÆTLUNIN

Brottfararadagur er 18. maí 2024. Velkomin til Möltu ☺

Maltneskir fulltrúar ferðanefndar taka á móti hópnum við komu á flugvellinum á Möltu og fylgja okkur í rútum inn á hótél í Valletta.

Innritunarborð verða sett upp sérstaklega til að flýta ferlinu. Farþegar framvísi vegabréfum til að fá lykla afhenta. Eftir á þurfa farþegar að koma í móttöku og gefa upp greiðslukortaupplýsingar til að hægt sé að skrá þjónustu á herbergi á meðan ferð stendur. Þegar innritun er lokið og allir búnir að koma sér fyrir er ákjósanlegt að undirbúa sig fyrir **sameiginlegan kvöldverð sem verður klukkan 20:00.**

Á heimferðardegi 25. maí 2024 er áætluð brottför á flugi okkar klukkan 17:20 og farþegar beðnir um að vera klárir í anddyri hótelsins með sínar töskur ekki seinna en klukkan 13:30.

Gott er að hafa, kvöldið áður, gert upp alla viðbótarreikninga sem hafa verið bókaðir á herbergin yfir vikuna þannig að rútur geti haldið af stað á réttum tíma. **Áætlaður komutími heima í Keflavík er klukkan 21:00.**

Vinsamlegast athugið að flugfélagið áskilur sér rétt til að breyta uppgefnum flugtímum gerist þess þörf. Farþegar eru hvattir til að fylgjast vel með öllum upplýsingum á heimasíðu [Transatlantic](#) fyrir brottför og meðan á ferð stendur en Ferðabráeður munu einnig gera sitt besta til að koma upplýsingum um allar mögulegar breytingar til farþega jafnóðum.

Ert þú búinn að skrá þig á snjaldursíðu ferðarinnar? [Smelltu á hlekkinn.](#)



GRAND HOTEL EXCELSIOR

Grand Hotel Excelsior er glæsilegt fimm stjörnu hótél í höfuðborginni Valletta. Í borginni, sem er á heimsminjaskrá UNESCO, er mikið af tilkomumiklum barokk-arkitektúr, snotrum kaffihúsum og fleiri en 25 kirkjur sem bera vitni um aldagamla trúfestu Maltverja.

Varnargarðar og virki frá sextándu öld umlykja hótelið og ólífugarðana á hótél svæðinu. Dvöl á hótelinu er einstakt tækifæri til að drekka í sig stórbrötna sögu og arkitektúr Möltu ásamt því að hvílast í sannkölluðum lúxus. Stórkostlegt útsýni er frá hótelinu og m.a. hægt að sjá Marsamxett höfnina og Manoel virkið. Marsamxett höfnin, sem ætluð er snekkjum, er önnur af tveimur náttúrulegum höfnum borgarinnar. Þar er einnig Msida smábátahöfnin. Þá státar hótelið af eigin smábátahöfn fyrir gesti þar sem árleg bátasýning eyjarinnar er haldin.

Manoel virkið er varnargarður á Manoel eyju skammt frá Valletta. Staðsetning eyjunnar gerir það kleift að stýra innganginum að Marsamxett höfninni. Virkið var upphaflega byggt af Mölturiddurum á árunum 1723-1755 fyrir tilstilli hins portúgalska stórmeistara reglunnar, António Manoel de Vilhena. Lagt var í miklar endurbætur og viðgerðir á virkinu árið 2010 vegna skemmda sem á því urðu í seinni heimsstyrjöld, sem og af tímans völdum. Virkið hefur til dæmis verið notað sem tókustaður fyrir hina vinsælu Game of Thrones þætti.

Staðsetning hótelsins er frábær er varðar aðgengi að flestum ferðamannastöðum á eyjunum.

Skammt frá hótelinu er aðal-stoppistöðin fyrir rútur og þaðan er hægt að ferðast til allra bæja og þorpa á eyjunni (sjá nánar undir "Almenningssamgöngur"). Hótelið býður upp á fjölbreyttar skoðunarferðir fyrir þá gesti sem vilja einkaferðir í smærri bílum.

Að auki býður hótelið upp á ferðir frá hótelinu að miðbæ Valletta tvisvar á dag.

Hótelið státar af glæsilegum herbergjum með stórkostlegu útsýni yfir hafið sem og á sundlaugarsvæðið.

Frítt Wi-Fi er í móttöku hótelsins, á öllum almennum svæðum og herbergjum gesta. Herbergi okkar eru standard herbergi og leitast við að öll herbergi snúi að sjó eða sundlaugasvæðinu.



Innifalið í ferðapakkanum þínum:

Flug og skattar ásamt einni innritaðri tösku – 20 kg og einni handfarangurstösku – 12 kg. Akstur milli flugvallar og hótels báðar leiðir.

Gisting ásamt morgunverði í 7 nætur á 5 stjörnu lúxus hóteli.

Kvöldverður við komu á hótél, skoðunarferð um Valetta ásamt léttum hádegisverði og einstakri upplifun af höfninni.

Stórkostlegt Gala kvöld með glæsilegri máltíð, hálfum drykkjarpakka, akstri til og frá veislustað, skemmtidagskrá og ýmislegt annað sem verður gaman að upplifa og njóta.

Íslensk fararstjórn í höndum Ferðabréðra er til staðar þótt allar skoðunarferðir séu undir handleiðslu innlendra leiðsögumanna skv reglum Maltverja.



FRÍMÚRARAFUNDUR – 24. MAÍ

Búið er að ná samkomulagi við brr. okkar á Möltu um að koma á Frímúrarafundi á I stigi á meðan við dveljum úti. Fundurinn verður haldinn á 7. degi ferðarinnar þann 24. maí. Sjá nánar hér aftar í bæklingnum.

SKOÐUNARFERÐIR – LÝSING

Til viðbótar skoðunarferðinni um Valletta, ásamt léttum hádegisverði og hafnarupplifun, sem farin verður á 3ja degi ferðarinnar þann 20. maí geta ferðarlangar bókað sig aukalega í sérstakar skoðunarferðir sem greiða þarf sérstaklega fyrir. **Þær eru þessar:**

Dagsferð til eyjunnar Gozo – frá kl. 08:00 – 18:00

Dagsferð til hinnar dásamlegu og litríku eyju Gozo þar sem dagurinn er skipulagður af ævintýrum og upplifun í mat og drykk. Förum á slóðir **Game of Thrones** sem tekin var upp á þessari frábæru eyju. Hámarks fjöldi er í þessa ferð.






Hálfsdagsferð til Mdina og Rabat – frá kl. 10:00 – 14:00

Hálfsdagsferð til Mdina og Rabat sem er kastali á Rabat hæðinni með frábæru útsýni yfir austurhluta Möltu. Þessi kastali var áður höfuðstöðvar Mölturiddara og munu leiðsögumenn fara yfir þessa sögu.



Hálfsdagsferð til Mosta og á vínokru – frá kl. 10:00 – 14:00

Hálfsdagsferð til Mosta. Ein af sögufrægari byggingum Möltu er án efa Mosta Dome kirkjan í Mosta. Þessi ný-klassíska meistarabygging er byggð á hinum gömlu rómversku hofum (Roman Pantheon). Hafist var handa við bygginguna á 18. öld og tók 28 ár að klára hana en hún var byggð utan um eldri kirkju frá 16. öld, sem síðar var svo rifin innan úr núverandi byggingu. Þakhvelfing kirkjunnar er sögð vera sú þriðja stærsta í veröldinni. Litlu munaði að kirkjan yrði eyðileggingu að bráð, árið 1942, þegar 200 kg sprengja féll í gegnum þak hennar, án þess að springa. Enginn þeirra 1000 kirkjugesta sem voru viðstaddir messu í kirkjunni á sama tíma slasaðist og giftusamlega tókst að aftengja hana.



VEITINGASTAÐIR

Valletta

Í Valletta er að finna ógrynninn öll af frábærum veitingastöðum. [Matarhefðin á Möltu er sambland af ítalskri, arabískri og afrískri matarupplifun og mikið er lagt upp úr fersku sjávarfangi.](#)

Í stuttu göngufæri frá hótelinu er m.a. að finna veitingastaðinn [Haywharf](#) þar sem boðið er upp á ferskt sjávarfang af à la carte matseðli:

[Matseðill Haywharf](#)

Á rölti um Valletta er tilvalið að hvíla lúin bein á barnum [The Queen Victoria City Pub](#), þar sem hægt er að fá ýmsa góða smárétti í bland við úrval af svalandi köldum bjór (t.d. Guinness af krana), Gin og tónik o.fl. góðar veigar.

Gozo

Líkt og í Valletta er á Gozo að finna marga frábæra veitingastaði. Einn þeirra er [Country Terrace](#), sem er ofan við höfnina á Gozo.

[Matseðill Country Terrace](#)

Mdina

Mdina sker sig ekkert úr öðrum borgum og bæjum á Möltu er kemur að góðum veitingastöðum. Þar er t.d. hægt að setjast niður á [Coogis](#) eða [Bacchus](#), nú eða bara á einhverjum allt öðrum frábærum veitingastað.

[Matseðill Coogis](#)

[Matseðill Bacchus](#)

Rabat

[Grotto Tavern](#) í Rabat er veitingastaður, sem almennt er talinn einn af sjö bestu veitingastöðum Möltu. Hann er í yfir 2000 ára gömlum helli.

[Matseðill Grotto Tavern](#)

Mellieħa

[Westreme](#) er veitingastaður í þorpinu Mellieħa á norðurhluta aðaleyjunnar. Þetta er einn af betri veitingastöðum Möltu.

[Matseðill Westreme](#)

MATUR SEM ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA Á MÖLTU:

1. Pastizzi:

Það er engin spurning með þennan rétt. Hver einasti heimamaður mun segja þér að pastizzi sé Guðs gjöf. Klárlega ekki gott fyrir mittismálið en óheyrilega góður réttur og sérstaklega fyrir sálina! *Pastizzi* (eða *pastizz* í eintölu) er bragðmikið innbakað snakk, venjulega fyllt með *ricotta* eða baunum. Nýlega hefur þó borið á því að notaðar hafa verið aðrar fyllingar í deigið s.s. kjúklingur og Nutella – JÁ Nutella!

Þú getur fengið *pastizzi* allsstaðar á Möltu en aðallega á „*pastizzerias*“ stöðum eins og **Sphinx**, **Jeff's Pastizzeria**, **Maxims**, og **is-Serkin/Crystal Palace** en sá staður er almennt talinn sá allra besta. Eitt stk. af *pastizz* er í kringum 0.50c og mælt er með því að borða fleiri en eitt stk. Þú verður ekki fyrir vonbrigðum.

Mjög gott er að fá sér *ricotta* *pastizz* og drekka Kinnie með. Kinnie er maltneskur gosdrykkur.

2. Ħobża / Ftira biż-żejt:

Annar góður réttur. Þessi réttur er maltneskt brauð fyllt með tómata pasta (sem kallað er *kunserva* á maltnesku), túnfiski, capers, olívum, baunum, lauk og olíu. *Biż-żejt* þýðir bókstaflega „með olíu“. Sumir bæta við þetta súrsuðu grænmeti eða maísbaunum. Það eru til margar útgáfur af þessum rétti en eitt er satt um hann – þetta er alger **sprengrja**. Besta upplifunin af Ħobża biż-żejt er að borða hann við ströndina með poka af *twistees* og að sjálfsgöðu drekka Kinnie með. Það er einnig mjög gott að hafa franskar kartöflur með þessum rétti sem fæst allsstaðar.

3. Ġbejna:

Ġbejna er klassískur maltneskur ostur unninn úr geitamjólk. Ef þú ert hrifinn af ostum þá munt þú elska þennan. Það eru fjórar mismunandi bragðtegundir af þessum osti: venjulegur, pipar, sterkur og með kryddjurtum.

4. Timpána:

Þessi réttur er fyrir þá sem elska kolvetni.

Hvað gerir pasta rétt betri en venjulegan pastarétt?

Jú þegar hann er vafinn inn í enn meiri kolvetni. Timpána er nefnilega pasta pæ (pie).

5. Kanína, kanínu kássa / Stuffat tal-Fenek:

Fyrir utan það að vera syndsamlega góður þá hefur þessi réttur sögulegar tengingar við Möltu. Hann kom fyrst til sögunnar á Möltu með innrás St. Jóhannesarriddaranna á eyjuna.

Það eru í raun tvær leiðir til að borða kanínu:

- a. Annað hvort steikt í hvítvínssósu og borin fram með frönskum kartöflum og brauði. Sósan er bragðbætt með maltenskum kryddjurtum.
- b. Eða sósunni af kanínunni er blandað saman við tómatsósu og spaghetti.

Hellingur af kolvetnum hér...

6. Figolli:

Figolli eru eftirrættir – sem hægt er að borða sem snakk – og aðlega borðað um páska. Þeir eru búnir til úr möndlu hveiti, með miklu meira af smjöri en nokkur maður ætti að innbyrða, miklu meira af sykri en nokkur maður ætti að innbyrða, sítrónu hringjum og fyllt með möndlufyllingu sem einnig þekkist sem *intrita*.

Þessi réttur er sætur og afar bragðgóður! Hægt er að fá hann í hverri einustu verslun í kringum páska – en einnig utan páska tímabilsins.

7. Bragjoli:

Annar afar góður kjötréttur er *Bragjoli* sem er mjög svipaður ítalska réttinum „involtini“. Þessi réttur er í grunninn þunn kálfasneið fyllt með soðnum eggjum, sveppum, baconi og steinselju. Eldaður annaðhvort á pönnu með tómatsósu eða í ofni.

Aðrir réttir sem þú verður að prófa á Möltu:

8. Torta tal-Lampuki – Fiskibaka

9. Octopus Stew – Kolkrabbakássa

10. Aljotta – Fiskisúpa

11. Imqaret – Djúpssteikt döðlu sætabrauð

12. Qaghaq tal-Ghasel – Hunangshringir með döðlufyllingu (brauð)

VERSLUN

Sliema – verslunarmiðstöð

The Point er verslunarmiðstöð staðsett í Sliema en mjög auðvelt er að komast þangað með því að **nýta sér ferjur (vatnataxa)** sem reglulega ganga frá St. Mark Street yfir til Sliema.

Opnunartímar „The Point“ eru mánudaga til laugardaga frá 10:00 – 19:30 og á sunnudögum frá 11:00 – 18:00.

Hannyrðir – föndur

Fyrir þau ykkar sem áhuga hafa á hannyrðum hverskyns þá eru hér fyrir neðan upplýsingar um nokkrar hannyrðaverslanir:

John C Vella-Creative World (föndur og handavinnubúð) Construction street 99 Mosta, Malta	John Gregory Ltd - The Wool Shop (Lopabúð) 8 ix-Xatt Ta'Xbiex Ta'Xbiex, Malta R.F. Centre (föndurbúð) Triq Villabate Haz-Zabbar, Malta
Charlie's Stationery Sacred Heart Street Bugibba, Malta www.charlies.com.mt	Creative Hands (föndurbúð) 62 Kardinal Xiberras Hal-Quormi, Malta
Binky CRAFTS (föndurbúð) 14 Bajjada Triq Sant Agata Ir-Rabat, Malta www.binkycrafts.com	

ALMENNINGSSAMGÖNGUR

Malta Public Transport rekur viðamikið net almenningssvagna sem þjónustar bæði megineyjuna sem og Gozo. Hægt er að verða sér úti um sérstakt app – bæði fyrir Apple og Android síma – þar sem hægt er að fylgjast með ferðum vagnanna hverju sinni (svipað appi Strætó), sem og nota til greiðslu fyrir ferðir með vögnunum.

Tallinja App

Malta Taxi er ein elsta leigubílastöð Möltu og sú eina sem er viðurkennd sem slík af Tansport Malta. Bílar stöðvarinnar eru áberandi hvítir með svörtum merkingum. Hægt er að notafæra sér sérstakt app Malta Taxi en það er afar einfalt í notkun.

Malta Taxi App

VALLETTA

Það væri að æra óstöðugan að reyna að koma fyrir í bæklingi sem þessum öllu því sem Valletta hefur upp á að bjóða.

Hinsvegar er ljóst að það verða allir að skoða eftirtalda staði:

St. John's Co-Cathedral and museum



Upper Barrakka garðurinn



Lascaris War Rooms



St. John's Cavalier



FERÐALÝSING

DAGSKRÁ

Dagur 1 – 18. maí

Hjartanlega velkomin til Möltu

Sameiginlegur kvöldverður klukkan 20:00 á Piazza Marina. Léttur og þægilegur fatnaður svona fyrsta kvöldið enda borðað úti undir berum himni.

Dagur 2 – 19. maí

Frjáls dagur en eftirfarandi ferðir eru í dag.

Brottför er upphafstími sem gefinn er upp og loka tími áætlaður tími aftur við hótelið.

Dagsferð til Gozo – frá kl. 08:00 – 18:00

Hálfsdagsferð til Mdina og Rabat – frá kl. 14:00 – 18:00

Dagur 3 – 20. maí

Skoðunarferð um Valletta – Upplifðu höfuðborgina sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

08:50 – Mæting í anddyri hótelsins þar sem farþegum er skipt upp í nokkra hópa sem fara í aðskildar rútur með innlendum leiðsögumanni. Áætlað er að brottför verði frá hóteli klukkan 09:15

10:00 – Skoðunarferð um Valletta og höfnina

Eftir þessa ljúfu ferð um þessa fallegu borg fáum við að njóta hádegisverðar niður við höfnina. Að loknum hádegisverðinum förum við í ánægjulega viðbót við upplifun þessa dags sem er í boði ferðaskrifstofunnar. Við skoðum hafnarsvæði borgarinnar betur, en mannvirkin og sagan í þessum hluta borgarinnar er ríkuleg og kemur svo sannanlega á óvart. Virkilega eitthvað sem er óhætt að láta sér hlakka til.

17:30 – Áætlað að skoðunarferð ljúki. Haldið heim á **Grand Hotel Excelsior.**

Dagur 4 – 21. maí

Frjáls dagur og val um dags- eða hálf dagsferð.

Dagsferð til Gozo – frá kl. 08:00 – 18:00

Hálf dagsferð til Mdina og Rabat – frá kl. 10:00 – 14:00

Dagur 5 – 22. maí

Frjáls dagur og val um dags- eða hálf dagsferðir.

Dagsferð til Gozo – frá kl. 08:00 – 18:00

Hálf dagsferð til Mdina og Rabat – frá kl. 10:00 – 14:00

Dagur 6 – 23. maí

Gala- og Systrakvöldið

Frjáls dagur og geta bræður og systur notið lystisemda sem hótelið býður upp á. Mikilvægt er að panta þjónustu með góðum fyrirvara í anddyri hótelsins eða í Spa-stofu þess.

19:00 – STUNDEVÍSLEGA! Lagt af stað í Gala kvöldverð frá hótelinu í rútum að 16. aldar byggingunni:

Mediterranean Conference Center - La Sacra Infermeria.

Veislu- og dagskrárstjórn er í höndum Snorra Magnússonar Stallara Reglunnar og Egils Arnar Arnarsonar Hansen Siðameistara Landsstúkunnar.

Bræður klæðist kjólfötum með hvítu veisluvesti og systur í kjólum en ekki er gerð krafa um síðkjóla.

Athugið að skv. reglum þar um er óheimillt með öllu að bera Frímúraramerki (stigseinkenni, stúkumerki, heiðursmerki og önnur slík einkenni Reglunnar á samkomum sem ekki eru á vegum Reglunnar).

Eftir veisluhöldin er akstur í boði til baka á hótelið og áætlað að brottför sé kl. 23:45 og komið á hótél á miðnætti. Þeir bræður og systur sem það kjósa geta líkað sleppt akstri aftur á hótelið og haldið inn í sjarmerandi og lifandi næturlíf borgarinnar.

Dagur 7 – 24. maí

Hálfsdagsferð í víngerð og til Mosta – frá kl. 10:00 – 14:00

Kl. 18:30 – 00:00 – Frímúrarafundur með brr. okkar í stúkunni Templaris Lodge no XIV, sem er undir Sovereign Grand Lodge of Malta.

Heimasíða Sovereign Grand Lodge of Malta

Dagur 8 – 25. maí

Heimferðardagur og flugið heim.

Komið er að heimferðardegi. Tíminn hefur liðið allt of fljótt og allt of marga sem ekki var hægt að sjá, upplifa eða njóta og ljóst að best er að fara aftur til Möltu sem allra fyrst og þá jafnvel leyfa sér það að taka aukadag(a) með siglingu og gistingu á Sikiley.

Áætluð brottför frá Möltu er klukkan 17:20.

Farþegar þurfa að vera komnir í anddyri hótelsins ekki seinna en kl. 13:00 og vera þá búnir að ganga frá greiðslum á öllum umfram kostnaði vegna herbergja, drykkja, matar, hreinsunar, spa og annars.

Heimkoma er svo áætluð í Keflavík klukkan 21:00.

GÓÐA FERÐ OG SKEMMTUN



HVER ERUM VIÐ?

Ferðaskrifstofan Transatlantic starfar með það að leiðarljósi að stuðla að auknu framboði, kynna nýja áfangastaði, búa til eftirminnilegar ferðir og kappkosta að bjóða hagkvæmustu kjörin.

Við elskum ferðalög og búum til ferðir sem henta þér og þínum hóp.

Ferðin þín:

- Einstök ferð fyrir alla bræður og systur í Frímúrarareglunni á Íslandi til Möltu 18. – 25. maí 2024.
- Beint flug frá Keflavík til Valletta – 180 sæti í boði.
- Malta er gríðarlega spennandi fyrir okkur þar sem hún á sér ríka sögulega tengingu við Regluna.
- Ríkuleg dagskrá og skoðunarferðir í boði og eftirminnilegt Galakvöld fyrir bræður og systur.

HAFA SAMBAND


Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi ferðina eða þurfið aðstoð hverskonar ekki hika við að hafa samband við okkur:

Egill Örn Arnarson Hansen
Sími: + 354 899 6205

Jón Þorsteinn Sigurðsson
Sími: + 354 891 8732

T-póstur: egill@transatlantic.is
Heimasíða: www.transatlantic.is





LITRÓF

umhverfismarkað prentsmiðja



Sími 563 6000 · Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík · www.litrof.is

Sameinuðu Arabísku Furstadæmin & Oman



Kosta Ríka



Grikkland



TRANS - ATLANTIC



Ýmsir munir fyrir Frímúrara

Vefverslun Frímúrarareglunnar á Íslandi



Allur hagnaður af sölu rennur óskertur í styrktarsjóð.



Bróðir.is